

Nd.

457. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á undan 1. gr. frv. komi 2 nýjar gr., svo hljóðandi:

a. Nú hendir mann eða konu, sem fyrir ómegð hefir að sjá, slys eða van-

heilindi, svo styrks þarf af þessum sökum að leita af sveitarfje, og skal sá styrkur, sem heimilið þarf til framfæris, lyfja og læknishjálpar, ekki talinn sveitarstyrkur, ef styrkþurfi sannar með vottorði hlutaðeigandi hjer- aðslæknis, að slysið eða vanheilsan, sem styrkþurfi átti ekki sjálfur sök á, hafi gert hann óhæfan til vinnu minst um mánaðar skeið, enda þurfi heimilið ekki uppheldisstyrk lengri tíma en sem svarar þeim, er styrkþurfi var frá vinnu vegna vanheilsunnar.

- b. Styrkur, sem veittur er af sveitarfje manni eða konu, sem er fullra 60 ára að aldri, skal ekki talinn sveitarstyrkur.